



ÍÞRÓTTASLYS

VIÐMIÐUNARREGLUR ER ÍÞRÓTTASLYS
VERÐA HJÁ MEISTARAFLOKKS
LEIKMÖNNUM AFTURELDINGAR

Viðmiðunarreglur

- UMF Afturelding greiðir sjúkrakostnað samningsbundinna leikmanna meistaraflokka
- Meistaraflokksleikmenn félagsins eiga rétt til bóta úr íþróttaslysasjóði ÍSÍ sem greiðir 80% af slyskostnaði. Afturelding greiðir 20%
- **Eftirfarandi fæst endurgreitt að hluta hjá ÍSÍ gegn framvísun frumrits reiknings:**
 - læknisviðtöl
 - myndataka
 - segulómun
 - aðgerðir
 - komu og endurkomu á slyshadeild
 - sjúkraþjálfun (verður að fylgja beiðni læknis)



Viðmiðunarreglur

- Sækja þarf um innan 12 mánaða eftir að slysið á sér stað. Það þarf að fylla út umsókn varðandi hvert slys. Eyðublaðið er m.a. að finna á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is undir liðnum Íþróttaslys.
- **Hvað fæst EKKI endurgreitt hjá ÍSÍ**
 - kostnaður vegna sjúkrabíls eða flugfargjalda í tengslum við lækisþjónustu
 - lyfjakostnaður
 - stoðtæki
 - tannslýs
 - ÍSÍ tekur ekki þátt í kostnaði þjónustu sem ekki er niðurgreidd af Sjúkratryggingum Íslands.



Hvernig ber meistaraflokksmaður sig að?

- Um leið og slys verður skal tilkynna það til þjálfara/forráðamanns flokksins.
- Ef slys er ekki alvarlegt skal leita til heimilislæknis sem gefur út beiðni í frekari meðhöndlun (t.d. Sjúkraþjálfun)
- Ef um alvarlegt slys er að ræða skal leita beint á slysstofu eða bráðadeild. Óska skal eftir beiðni um frekari meðhöndlun.
- Leikmaður greiðir þann sjúkrakostnað sem af þessu hlýst og kemur með frumrit af öllum kvittunum á skrifstofu Aftureldingar.

Skil á kvittunum og eyðublöðum

- Skila skal inn frumritum vegna kostnaðar af heilbrigðisþjónustu á skrifstofu Aftureldingar innan 12 mánaða eftir að slys á sér stað.
- Fylla skal út eyðublað um íþróttaslys af vef ÍSÍ og skila ásamt öðrum frumritum.
- Afturelding sér um að senda eyðublaðið og öll nauðsynleg fylgigögn til ÍSÍ (ath. þessi gögn þurfa að vera frumrit).
- Afturelding greiðir þann hluta sjúkrakostnaðar sem ÍSÍ greiðir ekki, þó þannig að Afturelding greiðir ekki frekar en ÍSÍ fyrir lyf, stoðtæki eða tannslis.

Eyðublöð

- Ípróttaslysasjóður ÍSÍ:
 - [http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Eydublod/Tilkynn-ing%20um%20%C3%AD%C3%BEr%C3%B3ttaslys%20-%20Copy%20\(1\).pdf](http://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Eydublod/Tilkynn-ing%20um%20%C3%AD%C3%BEr%C3%B3ttaslys%20-%20Copy%20(1).pdf)
- Tryggingamál iðkenda hjá Aftureldingu
 - <https://afturelding.is/afturelding/tryggingamal-idkenda/>